

## 9. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

## 10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk, sbr. 20. gr. laga nr. 79/1997.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 64, 2. febrúar 1998 um þorskfisknet, ásamt síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. maí 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

## 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði

kr. 9.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	Kr.
1	14.000	6	198.000
2	28.000	7	258.000
3	40.000	8	324.000
4	83.000	9	388.000
5	131.000	10	458.000

Aðilum er raðað í gjaldflokka eftir magni samkvæmt mælingu tækni- og umhverfissviðs Árborgar.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á urðunarsvæði Sorpstöðvar Suðurlands greiða urðunarkostnað, samkvæmt viktunarseðlum frá sorpstöðinni, sem innheimtur er af sveitarfélaginu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 26. febrúar 2002.

*Selfossi, 13. maí 2002.*

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

**Karl Björnsson** bæjarstjóri.